

Hörgársveit  
Jakobína Ósk Sveinsdóttir  
Pelamerkuskóli  
601 Akureyri

Reykjavík, 16. apríl 2024  
UST202403-397/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Lónsbakkahverfi - Hörgársveit**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hörgársveitar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lónsbakkahverfi. Í erindinu kemur fram að breytingin á deiliskipulaginu felur í sér að á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar í Lónsbakkahverfi verður gert ráð fyrir hringtorgi með undirgöngum undir þjóðveg norðan þess. Þá er gerð breyting á lóðamörkum aðliggjandi lóða og skipulagi lóðanna Berghóls B (L7) og Lónsbakka (L8) bætt við deiliskipulagið þar sem m.a. er gert er ráð fyrir að götutenging lóðarinnar Lónsbakka breytist á þann hátt að innkeyrsla verði framvegis yfir lóðina Berghól B og að þar verði einnig grenndarstöð endurvinnslu fyrir Lónsbakkahverfi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**